

# Knattspyrnu- lögin

# 2019/20

## Stutt Samantekt helstu lagabreytinga

Alþjóðanefnd knattspyrnusambanda (IFAB)

Mars 2019



# Samantekt yfir helstu lagabreytingar 2019/20

Hér á eftir fer yfirlit yfir helstu breytingarnar á knattspyrnulögnum 2019/20 ásamt viðeigandi útskýringum.

## Dómari lætur boltann falla

### 8. & 9. grein

#### Breytingar

- Ef leikur er stöðvaður innan vítateigs er boltinn látinn falla hjá markverðinum.
- Ef leikur er stöðvaður utan vítateigs er boltinn látinn falla hjá leikmanni liðsins sem síðast snerti boltann þar sem sú snerting átti sér stað.
- Aðrir leikmenn (beggja liða) haldi sig a.m.k. 4m frá staðnum þar sem boltinn er látinn falla.
- Ef boltinn snertir einhvern úr dómarateyminu og fer í markið, eða snertingin verður til þess að hitt liðið nær boltanum, eða leggur grunn að vænlegu upphlaupi, er boltinn látinn falla.

#### Skýring

- Núverandi aðferð leiðir oft til þess að því sé "stýrt" hvernig boltanum er komið í leik og það síðan "misnotað" á ósanngjarnan hátt (t.d. bolta sparkað í innkast langt inn á vallarhelming mótherjanna) eða ögrandi uppgjör. Með því að skila boltanum til liðsins sem síðast lék honum er því sem "tapaðist" skilað á réttan stað, nema innan vítateigs þar sem einfaldast er að skila boltanum til markvarðarins. Til að koma í veg fyrir að liðið njóti ósanngjarns hagnaðar verða allir leikmenn beggja liða, að undanskildum leikmanninum sem fær boltann, að vera a.m.k. 4m frá staðnum.
- Það getur verið mjög ósanngjarnt ef lið hagnast á því, eða skorar mark, þegar boltinn hrekkur af einhverjum í dómarateyminu, sérstaklega dómaranum sjálfum.

## Aukaspýrnur

### 13. grein

#### Breytingar

- Þegar stillt er upp "vegg" 3ja eða fleiri varnarmanna verða sóknarmennirnir að halda sig a.m.k. 1m frá veggnum. Dæma skal óbeina aukaspýrnu á sóknarmann sem er nær veggnum en 1m þegar aukaspýrnan er tekin.
- Þegar lið tekur aukaspýrnur innan eigin vítateigs telst boltinn kominn í leik um leið og honum hefur verið spyrnt. Boltinn þarf sem sagt ekki að hafa farið út fyrir vítateiginn til þess að leika megi honum að nýju.

#### Skýring

- Sóknarmenn sem standa mjög nálægt, eða í, varnarveggnum við töku aukaspýrna valda oft vandræðum við stjórnun og tefja auk þess leikinn. Það er engin lögmæt taktísk réttlætning fyrir sóknarmennina að þurfa að vera í veggnum og viðvera þeirra þar er andstæð "anda leiksins" og skaðar oft "ímynd hans".
- Sú tilraun sem í gangi hefur verið þar sem lið tekur aukaspýrnur innan eigin vítateigs og boltinn er þegar kominn í leik þegar honum hefur verið spyrnt án þess að þurfa fyrst að fara út fyrir vítateiginn hefur sýnt fram á hraðari og uppbyggilegri "endurræsingu" leiksins. Mótherjarnir þurfa að halda sig utan vítateigsins og a.m.k. 9,15m frá boltanum allt þar til boltinn er kominn í leik. Sama breyting hefur verið gerð með markspýrnuna (sjá 16. grein).

## Marki fagnað

### 12. grein

#### Breytingar

- Sýna ber leikmanni gult spjald fyrir "ólögleg" fagnaðarlæti (t.d. fer úr skyrtni) jafnvel þó markið sé dæmt af.

#### Skýring

Áminning fyrir að fagna marki með óviðeigandi hætti skal veitt jafnvel þó markið sé dæmt af (öryggi, ímynd leiksins o.s.frv.) þar sem áhrifin eru þau sömu.

## Markspyrna

### 16. grein

#### Breytingar

- Boltinn telst í leik um leið og honum hefur verið spyrint. Leik má honum að nýju áður en hann hefur farið út fyrir vítateiginn.

#### Skýring

Sú tilraun sem í gangi hefur verið með markspyrnur þar sem boltinn telst kominn í leik um leið og honum hefur verið spyrint án þess að þurfa fyrst að fara út fyrir vítateiginn hefur sýnt fram á hraðari og uppbyggilegri "endurræsingu" leiksins.

"Tímasóun/leiktafir" hafa minnkað, þ.m.t. þegar varnarmaður leikur boltanum viljandi áður en hann hefur farið út fyrir vítateiginn í þeirri vissu að það hafi ekki aðrar afleiðingar en þær að markspyrnan verði endurtekin. Mótherjarnir þurfa að halda sig utan vítateigsins allt þar til boltinn er kominn í leik.

## Hendi

### 12. grein

#### Breytingar

- Að handleika boltann viljandi telst áfram vera leikbrot
- Eftirfarandi dæmi um 'hendi', jafnvel þó óviljandi séu, leiða til aukaspyrnu:
  - boltinn fer í markið eftir að hafa snert hönd/handlegg sóknarmanns.
  - leikmaður nær valdi á boltanum eftir að hafa snert hann með hönd/handlegg og skorar í framhaldinu, eða skapar með því marktækifæri.
  - boltinn snertir hönd/handlegg leikmanns sem hefur þannig gert líkama hans óeðlilega stærri.
  - boltinn snertir hönd/handlegg leikmanns í yfir axlarhæð (nema leikmaðurinn hafi leikið boltanum viljandi sem síðan snertir hönd/handlegg hans).

- Eftirfarandi dæmi leiða sjaldnast til aukaspyrnu, nema þau tilheyri einhverjum ofangreindra tilvika:
  - boltinn snertir hönd/handlegg leikmannsins beint af hans eigin höfði/líkama/fæti, eða höfði/líkama/fæti annars nálægs leikmanns.
  - boltinn snertir hönd/handlegg leikmanns sem er með hana þétt við líkama sinn þannig að líkaminn verði ekki við það óeðlilega stærri.
  - ef leikmaður fellur og boltinn snertir hönd/handlegg hans þegar hún er á milli líkamans og jarðarinnar til stuðnings (en ekki er teygt úr handleggnum til að gera líkamann stærri).
- Ef markvörðurinn reynir að "hreinsa frá" (koma boltanum í leik) eftir innkast eða viljandi sendingu frá samherja, en mistekst við "hreinsun" sína, er honum heimilt að handleika boltann í kjölfarið.

---

## Skýring

---

Þörf er á skýrari fyrirmælum varðandi hendi, sérstaklega í þeim tilfellum þar sem "óviljandi hendi" telst vera leikbrot. Hið nýja orðalag byggir á nokkrum meginreglum:

- knattspyrnan samþykkir ekki mörk skoruð með hendi/handlegg (þó óviljandi sé).
- knattspyrnan vill að leikmanni sé refsað fyrir hendi ef hann nær valdi á boltanum af hönd/handlegg sínum og hefur af því hag, t.d. skorar eða skapar með því marktækifæri.
- við fall er eðlilegt að leikmaður beri fyrir sig höndina á milli líkamans og jarðarinnar til stuðnings.
- það telst sjaldnast "eðlileg" staða hafi leikmaður hönd/handlegg ofan við axlarhæð og því er hann að "taka áhættu" með því að vera með hönd/handlegg í slíkri stöðu, þ.m.t. við rennsli(stæklingar).
- hrökkvi boltinn af líkama leikmannsins, eða annars nálægs leikmanns (beggja liða), í hönd/handlegg hans er oft útilokað fyrir hann að forðast snertingu við boltann.
- þegar markvörður spyrnir boltanum greinilega, eða reynir að spyrna honum, í leik fellst ekki í því neinn ásetningur um að handleika boltann. Misheppnist "hreinsunin" má hann því handleika boltann án þess að teljast gerast brotlegur.

## Upphafsspyrna

### 8. grein

#### Breytingar

- Liðið sem vinnur hlutkestið getur nú valið um hvort það taki upphafsspurnuna eða á hvort markið það vilji sækja (áður gat það einungis valið um á hvort markið skyldi sækja).

#### Skýring

Nýlegar lagabreytingar hafa gert upphafsspurnuna hraðvirkari (t.d. skora má racleitt úr upphafsspurnu) og því vilja fyrirliðarnir sem vinna hlutkestið oft fá að taka upphafsspurnuna.

## Hlé af læknisfræðilegum ástæðum

### 7. grein

#### Breytingar

- Mismunur á milli "kæli-hléa" (90 sek - 3 mín) og "drykkjarhléa" (max 1 mín).

#### Skýring

Með velferð leikmanna í huga geta mótareglur kveðið á um að við sérstakar aðstæður (t.d. hátt raka- og hitastig) séu "kæli-hlé" heimil (á bilinu 90 sek. - 3 mín) til þess að ná niður líkamshita leikmanna. Þau eru annars eðlis en "drykkjarhlé" (max 1 mín) sem eingöngu eru hugsuð til þess að bæta líkamanum upp vökvatap.

## Vítaspyrna

### 14. grein

#### Breytingar

- Meðhöndla/meta má meiðsli spyrnanda liðsins (snögglega) áður en hann tekur
- spyrnuna.  
Markvörðurinn má ekki vera að snerta markstangirnar/slánna/netið; þau mega ekki
- vera á hreyfingu.  
Markvörðurinn verður að hafa a.m.k. hluta af öðrum fætinum á marklínunni þegar spyrnan er tekin; hann má ekki standa alveg innan við línuna.

## Skýring

- Það er ósanngjarnt ef spyrnandinn þarf meðhöndlun meiðsla sinna að hann þurfi að yfirgefa leikvöllinn og geta síðan ekki fengið að taka vítaspyrnuna.
- Dómarinn skal ekki gefa merki um að taka vítaspyrnuna ef markvörðurinn er að snerta markstöngina, slánna eða netið, eða ef þau eru á hreyfingu, t.d. ef markvörðurinn hefur sparkað í þær eða hrist.
- Markverðirnir mega ekki standa framan eða aftan við marklínuna. Með því að leyfa að einungis annar fótur markvarðarins snerti marklínuna (eða í línu við hana ef hann stekkur upp og niður) þegar vítaspyrna er tekin er málið einfaldað þar sem auðveldara er að fylgjast með því þegar hvorugur fótur hans er á línunni. Þar sem spyrnandanum er heimilt að "hika" í atrennu sinni, er eðlilegt að heimila markverðinum að stíga eitt skref út er hann væntir spyrnunnar.

## Búnaður leikmanna

### 4. grein

#### Breytingar

- Marglitar/mynstraðar undirskrytur eru heimilar ef þær eru sambærilegar við sjálfa keppnispeysuna.

#### Skýring

Framleiðendur bjóða nú gjarnan upp á mynstraðar undirskrytur þar sem ermarnar eru sambærilegar við ermar keppnispeysunnar. Þetta skal heimilað, enda auðveldar það dómarateyminu við ákvarðanatöku sína.

## Hraðtekin aukaspyrna og GS/RS

### 12. grein

#### Breytingar

- Ef dómarinn er um það bil að fara að sýna GS/RS, en liðið sem brotið var á tekur aukaspyrnuna hratt og skapar með því marktækifæri, er dómaranum heimilt að bíða með að sýna GS/RS þar til boltinn fer næst úr leik, þ.e. ef það olli brotlega liðinu ekki ruglingi.

## Skýring

Stundum þegar sóknir eru stöðvaðar með áminningarverðum (GS) eða brottrekstrarverðum (RS) leikbrotum tekur sóknarliðið aukaspurnuna hratt til þess að viðhalda "skyndisókninni". Það er augljóslega "ósannjarnt" ef þessi "nýja" sókn er stöðvuð til þess að sýna leikmanni GS/RS. Ef dómari hefur hins vegar valdið brotlega liðinu ruglingi með því að hefja "spjöldunina" ber ekki að heimila hraðtekningu aukaspurnunnar. Ef um er að ræða RUPL brot er leikmaðurinn því áminntur (GS), en ekki vísað af leikvelli (RS), þar sem sóknin var "endurræst" (með sama hætti og þegar hagnaði er beitt eftir RUPL brot).

## Varamenn

### 3. grein

## Breytingar

- Leikmaður sem skipta á út af skal yfirgefa leikvöllinn við næstu útlínu hans (nema að dómari gefi til kynna að leikmanninum sé óhætt að yfirgefa leikvöllinn hratt/strax við miðlínuna, eða annars staðar vegna öryggis, meiðsla o.s.frv.).

## Skýring

Til að koma í veg fyrir að leikmenn sem skipta á af velli "tefji" leikinn með því að ganga í hægðum sínum að miðlínunni til að fara út af (en þess er ekki krafist í lögunum) er leikmanninum nú skylt að yfirgefa völlinn við næstu útlínu hans (eins og þegar um meiðsli er að ræða), nema dómari gefi merki um annað, t.d. ef leikmaðurinn getur farið hratt af leikvelli við miðlínuna, eða ef um öryggismál er að ræða, eða ef leikmaðurinn fer af velli á börum. Leikmanninum ber að fara strax á boðvanginn eða til búningsherbergis til þess að forðast vandmál gangvart varamönnum, áhorfendum eða meðlimum dómarateymisins. Leikmanni sem fer gegn anda þessarar lagagreinar skal refsað fyrir óíþróttamannslega framkomu, þ.e. að tefja að leikur geti hafist að nýju.



## Forráðamenn liða

### 5. & 12. grein

#### Breytingar

- Forráðamanni sem hegðar sér með ósæmilegum hætti er sýnt GS (áminning) eða RS (brottvísun)\*. Ef ekki reynist unnt að auðkenna hinn brotlega, mun aðalþjálfaranum sem er á boðvanginum á þerri stundu sýnt GS/RS.

*\*Í 12. grein laganna verður að finna lista yfir slík GS/RS brot þeirra*

#### Skýring

Sú tilraun sem í gangi hefur verið þar sem refsað er fyrir brot forráðamanna með GS/RS hefur heppnast mjög vel og hefur haft í för með sér mikið hagræði á öllum stigum leiksins, þ.m.t. fyrir unga dómara að takast á við "erfiða" fullorðna þjálfara. Ef ekki reynist unnt að auðkenna hinn brotlega hlýtur æðsti forráðamaður liðsins á boðvanginum (oftast aðalþjálfarinn) GS/RS (þar sem hann ber ábyrgð á hinum forráðamönnum liðsins).